

21
30. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur, allt að 1000000.00 króna.

2. gr.

2. málsg. 7. gr. laganna orðist svo:

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt eftir sömu reglum og hlutafélög og reiknast fé á höfuðstólsreikningi sem væri það hlutafé.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

22
30. jan.

L Ö G

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi sex farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma sex farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.